

| | |
|---|--|
| Uppruni íslenskra húsdýra Stefán Aðalsteinsson | Origin of Icelandic domestic animals Stefán Aðalsteinsson |
| Forsendur | Premises |
| <p>Uppruni íslenskra húsdýra getur gefið einhverjar bendingar um það hvaðan það fólk kom sem byggði Ísland í öndverðu. Af legu landsins og veðráttufari má ætla að fyrstu landnemar hafi stefnt að því að byggja afkomu sína í verulegum mæli á búfé og hafi flutt það með sér til landsins úr heimahögum sínum.</p> <p>Hægt er að leita uppruna húsdýranna eftir ýmsum leiðum. Þar ber fyrst að telja beinafundi frá því um landnám, bæði á Íslandi og í þeim löndum sem húsdýrin gætu verið ættuð frá.</p> <p>Sögulegar heimildir geta gefið bendingar um það hvaðan húsdýr okkar gætu hafa komið. Þó ber að minnast þess að allar sögur frá landnámi á Íslandi og fyrstu tímum byggðar í landinu eru riaðar löngu eftir landnám og beint heimildagildi þeirra er takmarkað af þeim sökum. Þó geta lýsingar á búfé frá þeim tíma sem sögur voru fyrst færðar í letur gefið nokkrar upplýsingar um það hvernig búfé var hér til forna, meðal annars vegna þess hve tiltölulega skammt er þá umliðið frá landnámi.</p> <p>Samanburður á búfjárstofnum þeim sem búið er við á nútíma á Íslandi og í nágrennalöndunum getur einnig gefið bendingar um uppruna íslenskra húsdýra. Slíkan samanburð þarf þó að gera með gætni því að breytingar geta hafa orðið á búfjárstofnum hér á landi og í nágrennalöndunum á undanförnum ellefu öldum.</p> <p>Í nágrennalöndunum ríkti sú stefna í kynbótum á 18 og 19. Öld að rækta upp samstæð búfjárykyn þar sem allir einstaklingar líktust hver öðrum sem mest. Var það kallað að ná kynfestu í stofninn. Af þessari ástæðu er mjög vafasamt að nota ytri einkenni búfjárykynja á nútíma til að dæma um skyldleika mismunandi búfjárykynja því að skyld kyn geta hafa breyst til ólíkra átta við slíkt úrvall og fjarskyld kyn orðið lík að ytri einkennum vegna úrvalls til sömu áttar.</p> <p>Íslenskir húsdýrastofnar gætu einnig hafa breyst á undanförnum áratugum og öldum frá því sem þeir voru við landnám. Vitað er um allmargar tilraunir til að flytja sauðfé og nautgripi til</p> | <p>The origin of Icelandic domestic animals can give some indications as to where the people came from who built Iceland in the past. From the lay of the land and the weather, it is believed that the first settlers sought to build their livelihood to a significant extent on livestock and brought it to their country from their homeland.</p> <p>It is possible to discover the origin of domestic animals by various methods. First we should consider the bones that have been found from the years the first settlers came in, both in Iceland and in the countries that the animals could be from.</p> <p>Historical sources can indicate where our domestic animals might have come from. However, it should be noted that all stories from the settlement in Iceland and the early years of the country were written long after the settlement, and their direct validity is limited for this reason. However, descriptions of livestock from the time stories were first put down in writing can provide some information on how livestock came here, for example due to the relatively short amount of time from landing.</p> <p>A comparison of the livestock foundations in modern Iceland and neighboring countries can also give evidence of the origin of Icelandic domestic animals. However, such a comparison must be done with caution because changes might have happened in livestock farms in Iceland and neighboring countries in the past eleven centuries.</p> <p>In the neighboring countries, the breeding policy in the 18th and 19th centuries that grew up in a group of livestock communities, was to produce a uniform breed. This was called for to achieve a solid breed. For this reason, it is highly doubtful to use the external characteristics of livestock in modern times to judge the outer appearance of different livestock models because related livestock may have changed to different degrees of such a selection, and the distant related kinds have gotten similar in look and structure because of selective breeding in the same direction.</p> <p>Icelandic farm animals may also have changed in the past decades and centuries from the way they were at the time of settlement. There are many attempts to import sheep and cattle to the country. It is also known that sheep, horses and cattle fell untouched in hard times in the early centuries.</p> |

| | |
|---|--|
| <p>landsins. Einnig er vitað að sauðfé, hross og nautgripir félлу unnvörpum í hörðum árum á fyri öldum. Sömuleiðis er vitað að miklar breytingar hafa orðið á sauðfé, nautgripum og hrossum landsmanna á síðustu áratugum fyrir tilstilli markvissra kynbóta.</p> | <p>Likewise, it is known that in recent decades there have been major changes in sheep, cattle and horses in the past decades, as a result of targeted breeding.</p> |
| <p>Helsta leiðin til að komast hjá áhrifum ýmiss konar úrvals á samanburð milli búfjárkynja er að velja til samanburðar arfgeng einkenni sem ekki er hægt að dæma um af ytra últiti. Er þá gjarnan tekið blóð úr gripunum og könnuð arfgeng sem þar finnast svo sem blódflokkar, eggjahvítugerðir og vefjaflokkar.</p> | <p>The main way to avoid the effects of various types of comparison between livestock breeds is to choose for heritable traits that can not be judged by external appearance. Blood from the tract is often taken into account, and hereditary genes are found, such as blood type, egg whites and tissue groups.</p> |
| <p>Þau atriði sem rakin eru hér að ofan þarf að hafa í huga þegar reynt er að draga upp mynd af því hvaðan íslensk húsdýr sé ættuð.</p> | <p>The points outlined above need to be considered when attempting to draw a picture of the origins of Icelandic domestic animals.</p> |
| <h4>Nautgripir</h4> | <h4>Cattle</h4> |
| <p>Allmiklar rannsóknir hafa verið gerðar á uppruna íslenskra nautgripa. Upplýsingar um nautgripi úr fornum ritum sem að gagni mættu koma við að rekja uppruna þeirra eru mjög af skornum skammti. Þó er getið um liti á uxanum Brandkrossa í Brandkrossa þætti sem drakk mjólk bæði vetur og sumar en hann var brandkrossóttur að lit.¹ Þá er aðallitur sá að gripurinn er með rauðan grunnlit og dökkar þverrendur í þeim svæðum sem eru rauð í grunn. Krossóttir eru þeir nautgripir kallaðir sem eru með hvítan lit í framan sem nær allt út að augum og eyrum. Nái hvíti liturinn aftur fyrir augu og aftur á eða aftur fyrir eyru er sagt að gripurinn sé hjálmóttur eða húfóttur.</p> | <p>Extensive research has been conducted on the origins of Icelandic cattle. Information on cattle from ancient journals that may be helpful in tracing their origins is very scarce. However, referring to the colors of the bull Brandkrossa in Brandkrossa Þattur (this is the name of one of the Sagas – ed.) he drank milk in both winter and summer, but he was a pale pink color. The key is that the grip has a red base and dark cross sections in the areas that are reddish. Crossbones are called cattle that have a white color in the front that extends to the eyes and ears. When the white color returns to the eyes and back or over the ears, it is said that the grip is helmetlike (other color on the head than the rest of the body) or húfótt is another word for white colour on the head, helmet like.</p> |
| <p>Algengast hefur verið til forna að nautgripir væru hyrndir enda voru horn af nautgripum verðmætt efni til smíða. Kollóttir nautgripir hafa þó verið til í landinu frá fornu fari. Brot úr hauskúpu af kollóttum nautgrip fannst í beinasafni sem kom upp við gróft á húsgrunni á Aðalbóli í Hrafnkelsdal. Hauskúpur af kollóttum nautgripum fundust einnig við skoðun á beinaleifum úr uppgreftri á Stóruborg undir Eyjafjöllum.² Þá hafa hauskúpur af kollóttum nautgripum einnig fundist við uppgröft í byggðum Grænlendinga hinna fornu.³ Hvorutveggja bendir til að kollóttir</p> | <p>Horned cattle were most common in the past, as the horns made cattle valuable. Hornless cattle have been in Iceland since ancient times. Pieces of skull from hornless cattle were found in a bone collection, which came from the excavation of a house at Aðalbóli in Hrafnkelsdalur valley. Skulls of hornless cattle were also found in the skeletal remains excavated in Stóraborg under Eyjafjöll. (Translator's note: Stóruborg was an old manor town near the volcano Eyjafjöll in southwestern Iceland. It existed there from approximately the year 1000 until 1840, when it was moved 640m to protect it from the sea. Ref: Sunnlenskar byggðir IV). Also, skulls of hornless</p> |

¹ Íslendinga sögur II, Brandkrossa þáttur, 2102. (English: Icelanders Stories II, Firebreaking Factor, 2102.)

² McGovern, 2.

³ Degerbøl, 25.

| | |
|--|--|
| <p>nautgripir hafi borist til Íslands með landnámi. Á 16. Öld prýddu fögur horn íslenska nautgripi. Voru þá gerðir úr þeim spærir en áður fyrr höfdu verið gerð úr þeim drykkjarker á silfurfaeti. Þó voru þá til einstaka kollótt naut á Íslandi.⁴ Í byrjun 19. aldar voru kýr á Íslandi flestar sagðar kollóttar en þó voru margar hyrndar kýr til.⁵ Bendir það til að þá hafi menn verið farnir að velja til ásetnings kollótta kálfa umfram thað sem var á 16. Öld. Snemma á 20. Öld voru nautgripir á Íslandi mjög sundurleitir að lit og ytra útliti.⁶</p> <p>Nokkrar tilraunir voru gerðar með innflutning danskra nautgripa til Íslands á 19. Öld en talð er að þær hafi haft lítil áhrif á íslenska kúakynið.⁷</p> <p>Tvívegis hafa verið gerðar umfangsmiklar rannsóknir á blóðflokkum og eggjahvítugerðum í blóði hjá íslenskum nautgripum. Í fyrri rannsókninni kom glöggjt fram að íslensku nautgripirnir voru náskyldir gömlum, norskum landkynjum þ.e. Þelamerkur-, Dala- og Brændakúm.⁸ Í þessari rannsókn kom enn fremur fram að íslenskar kýr vantaði alveg blódflokkera erfðavísá sem einkenna Jerseykýr. Sú tilgáta að íslenskar kýr séu að einhverju leyti komnar af Jerseykúm stenst því ekki.⁹</p> <p>Í síðari rannsókninni kom fram að íslensku nautgripirnir væru einna skyldastir Guernseykum þegar þeir voru bornir saman við önnur Evrópuken en þau norsku. Þó var erfðafjarlægð íslenskra kúa frá Guernseykum rúmlega trá Guernseykum rúmlega tvöfalt meiri heldur en fjarlægðin frá norskum kúm.¹⁰</p> <p>Skyldleikinn við Guernseykýr hefur ekki komið fram í öllum rannsóknum. Í fyrri rannsókninni á blóðgerðum íslenskra nautgripa kom fram að íslensku kýrnar væru minna skyldar Jerseykum og Guernseykum en öðrum kúakynjum sem borið var saman við í þeirri rannsókn.¹¹</p> <p>Í fræðilegri úttekt á skyldleika íslenskra nautgripa við nautgripi annarra landa kom fram að</p> | <p>cattle have also been discovered by excavation in the settlements of the ancient Greenlanders. Both indicate that hornless cattle were taken to Iceland during the settlement. In the 16th century, beautiful horned Icelandic cattle. However, there were a few hornless bulls in Iceland. At the beginning of the 19th century, cows in Iceland were mostly hornless, but there were many horned cows. This suggests that men had begun to choose intentionally for hornless calves beyond the 16th century. In the early 20th century, cattle in Iceland were very diverse in color and exterior appearance.</p> |
| <p>A few attempts were made to import Danish cattle to Iceland in the 19th century, but it was said that they had a minor effect on the Icelandic cow.</p> | <p>A few attempts were made to import Danish cattle to Iceland in the 19th century, but it was said that they had a minor effect on the Icelandic cow.</p> <p>two studies have been conducted on blood groups and egg white models in Icelandic cattle. In the previous study it became apparent that Icelandic cattle were closely related to old Norwegian landraces, ie. Þelamerkur, Dala and Brændakúm. In this study, it was further noted that Icelandic cows completely lacked blood type genes that characterize Jersey cows. The speculation that Icelandic cows are to some extent derived from Jersey cattle is -unsubstantiated.</p> |
| <p>The latter study found that Icelandic cattle were closer to Guernsey cattle, when compared to other European types, than the Norwegian ones. However, the genetic distance of Icelandic cow from Guernsey cattle was more than twice as much as the distance from Norwegian cows to Guernsey cattle.</p> | <p>The latter study found that Icelandic cattle were closer to Guernsey cattle, when compared to other European types, than the Norwegian ones. However, the genetic distance of Icelandic cow from Guernsey cattle was more than twice as much as the distance from Norwegian cows to Guernsey cattle.</p> <p>Kinship with Guernsey cattle has not been observed in all studies. In the previous study of blood counts of Icelandic cattle, Icelandic cows were less related to Jersey cattle and Guernsey cattle than the other coworkers compared to those studies.</p> |
| <p>A scholarly assessment of Icelandic cattle's relation to cattle in other countries stated that the relationship with the old Norwegian cattle was very close. If it were assumed that Icelandic cows were randomized samples from Norwegian</p> | |

⁴ Oddur Einarsson, 97.

⁵ Magnús Stephensen, 212.

⁶ Guðjón Guðmundsson, 3.

⁷ Þorvaldur Thoroddsson, 242-243.

⁸ Brænd o. fl., 278-279.

⁹ Páll Zóphoníasson, 47.

¹⁰ Kidd, K.K., 324,326.

¹¹ Brænd o. fl. 278-279.

| | |
|---|--|
| <p>skyldleikinn við gömlu norsku kúakynin var mjög náinn. Væri reiknað með að íslensku kýmar væru tilviljanakennt úrtak úr norscum kum á landnámsöld var munurinn á nútíma ekki meiri en það sem tilviljun ein gat valdið frá landnámi og fram á 20. Öld.¹²</p> | <p>cows during the settlements, the difference between a thorough assessment of Icelandic cattle's relations with cattle from other countries was that the relationship with the old Norwegian cow was very close. If it were assumed that Icelandic cows were randomized samples from Norwegian cows during the settlements, the difference in modernity was no greater than that which could only be caused by settlement until 20th century.</p> |
| <p>Hross</p> | <p>Horses</p> |
| <p>Íslensk hross eru ólík öðrum hrossakynjum eins og sést best á því hve mikla eftirtekt íslensku hrossin hafa vakið erlendis á þessari öld.</p> | <p>Icelandic horses are different from other horses, as is best seen by how much attention Icelandic horses have attracted overseas in this century.</p> |
| <p>Í fornun sögum er sagt frá frægum hestum. Hryssan Fluga sem kom með skipi í Kolbeinsárós var allra hrossa skjótust.¹³ Hauknefur á Gautlandi gaf Gull-þóri Kinnskæ, kinnskjóttan hest er var gauskur (sænskur) hlaupari og var alinn á korni vetur og sumar.¹⁴ Freyfaxi Hrafnkels Freysgoða var bleikálóttur að lit samkvæmt því handriti Hrafnkels sögu sem traustast er talið. Í eldri útgáfum var hann sagður brúnmóálóttur. Hann varð tilefni mikilla atburða.¹⁵</p> | <p>Ancient stories tell you about famous horses. A female horse named Fluga, who came with a ship that landed at Kolbeinsárós (translator: a trading post at the mouth of the rivers Kolka and Hjaltadalsá), was the fastest of all horses. Hauknefur in Gotland gave Gull-þóri Kinnskæ, a dark red horse who was a gauskur (Swedish) runner and was fed in winter and summer on grain. Freyfaxi Hrafnkels Freysgoða was pinkish in color according to the most widely used script of Hrafnkels story. In older versions, he was said to be brown. He was the cause of great events.</p> |
| <p>Rannsóknir á beinum íslenskra hrossa úr heiðnum gröfum benda til að íslensku hrossin séu mjög svipuð norscum hrossum eins og þau voru fyrir landnám Íslands. Þeim svipar einnig til hrossa frá 6.-8. Öld í Beckum í Þýskalandi. Íslensku hrossin hafa þó verið minni við landnám heldur en þýsku og norsku hrossin sem þau voru borin saman við.¹⁶ Einnig hafa fundist á Grænlandi hrossbein sem svipar mjög til fornra beina úr íslenskum hrossum.¹⁷</p> | <p>Studies on Icelandic horse bones from pagan graves indicate that Icelandic horses are very similar to Norwegian horses as they were before Iceland's settlement. They also resemble horses from 6 to 8th century in Beckum in Germany. However, Icelandic horses have been smaller at the time of settlements than the German and Norwegian horses that they were compared to. Horse bones have also been found in Greenland that are very similar to ancient bones from Icelandic horses.</p> |
| <p>Íslenskir hestar hafa verið þekktir fyrir þýðan gang um langan aldur.¹⁸ Þess hefur verið getið til að ganghestum sem gátu bæði tölt og skeiðað hafi verið útrýmt á meginlandi Evrópu þegar farið var að beita hestum fyrir vagna í meiri mæli en áður. Þar hafi brokkhestar dugað betur.¹⁹</p> | <p>Icelandic horses have been known for a long time for their light-footed gait. It has been mentioned that horses that could both tölt and skeið (Translator: the tölt and skeið are both gaits that the Icelandic horse has – the Icelandic horse has 5 gaits, instead of the 4 that most horses have) have been eradicated in mainland Europe by using horses for wagons to a greater extent than before. Trotting worked better.</p> |
| <p>Nordlandhesturinn norski hefur komið til álita sem forfaðir íslenska hestsins. Er þá dæmt út frá</p> | <p>The Nordland horse from Norway is considered the forefather of the Icelandic horse. Is then judged by external appearance,</p> |

¹² Kidd and Cavalli-Sforza, 388.

¹³ *Íslensk fornrit* I, 235.

¹⁴ Íslendinga sögur II, Gull-þóris saga, 1128, 1137.

¹⁵ Íslendinga sögur II, Hrafnkels saga, 1398.

¹⁶ Nobis, 136-137.

¹⁷ Degerbøl, 14.

¹⁸ Oddur Einarsson, 101.

¹⁹ Witt, 18-27.

| | |
|---|---|
| <p>ytra últiti, svip og sköpulagi.²⁰</p> <p>Blóðflokkarannsóknir benda hins vegar til að íslenski hesturinn sé skyldari Shetlandshestinum en Nordlandhestinum og Fjarðahestinum í Noregi.²¹ Það kemur í sjálfu sér ekki á óvart því að Hjaltland (Shetland) var norskt landssvæði um mörg hundruð ára skeið og því ekki ólíklegt að menn hafi flutt hesta með sér frá Noregi þegar norsk búseta hófst þar.²² Það kemur hins vegar nokkuð á óvart að íslenskir hestar skuli vera fremur lítið skyldir norska Fjarðahestinum.</p> <p>Eðlilegasta skýringin á því er sú að Fjarðahesturinn hafi breyst verulega frá því um landnám.</p> | <p>facial appearance and character. Blood group research, however, indicates that the Icelandic horse is more related to the Shetland horse, than the Nordland horse and the Fjord horse in Norway. It is not surprising because Hjaltland (Shetland) was a Norwegian territory for hundreds of years, so it was unlikely that men had taken horses from Norway when Norwegians started settling there. It is surprising, however, that Icelandic horses are not very related to the Norwegian Fjord horse. The most reasonable explanation for this is that the Fjord horse has changed significantly since the settlement.</p> |
| <p>Hestar voru farartæki manna á landi á fyrri tíð. Eftir því sem samgöngur á landi urðu greiðari varð hreyfing á kestakynjum nilli landa sífellt meiri. Hestar hafa hins vegar tæplega verið fluttir á milli landa á sjo á friðartínum. Hestaskipti og hrossakaup voru auðveldari lausn og hljóta að hafa verið kunn þá eins og nú. Í styrjöldum gegndi öðru máli. Víkingaher sem réðost á England frá meginlandinu arið 892 hafði hesta um borð í skipum sínum.²³ Ólafur Tryggvason og Sveinn tjúguskegg réðust á London í september 994 en voru hraktir frá og biðu mikið tjón. Þá komust herir þeirra yfir hesta og fóru langt inn í land með báli og brandi.²⁴</p> | <p>Horses were cars on land in the past. As transportation on land grew easier, the movement of horses between countries grew ever greater. Horses, however, have barely been transported between countries during the peace period. Horse exchange and horse buying were an easier solution and must have been known as now. In the wars horses played a different role. Vikings who attacked England from mainland in 892 had horses aboard their ships. Ólafur Tryggvason and Sveinn Tjúguskegg attacked London in September 994, but were driven out and suffered great losses. Then their army returned on horseback and went far into the land and did a lot of damage (bál og brand is a saying in Iceland, meaning a lot of damage)</p> |
| <p>Ekki hefur verið talin ástæða til að flytja hesta frá öðrum löndum til Hjaltlands og Íslands þegar frá landnámi leið og hestar voru orðnir algengir.</p> | <p>There has been no reason to import horses from other countries to Hjaltland and Iceland later in the settlement era and horses had become commonplace.</p> |

Sauðfé

Sauðfé hefur verið hér á landi frá landnámi en engar heimildir eru til um það hvaðan það fé kom. Íslenska féð er af norðurevrópska stuttrófufénu. Stuttrófuféð er til á Íslandi, í Færeyjum, Hjaltlandi og Orkneyjum, í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Fé af þessari gerð er með stutta rófu eða dindil og það er yfirleitt með ull sem greinist í gróft tog og fínt þel. Í Finnlandi, Svíþjóð og Noregi er algengast að bæði kyn séu kollótt en einnig kemur fyrir að bæði kyn séu hyrnd. Ferhyrnt kemur fyrir í Svíþjóð og er talið

Sheep

Sheep have been in Iceland since the settlement, but no sources are available regarding where they came from. The Icelandic sheep is from Northern European short-tailed sheep. They are in Iceland, the Faroe Islands, Shetland and Orkney, Norway, Sweden and Finland. The sheep of this kind have a short tail or "dindil" (the word we use for a short tail on the sheep) and the wool of this sheep is usually found in two forms, the rough tog and fine thel. In Finland, Sweden and Norway, it is common for both sexes to be unhorned, but also for both sexes to be horned. Four horned sheep occur in Sweden and are considered to occur in Norway but is very

²⁰ Isenbügel, 5-6.

²¹ Lie, 83-97.

²² Shetelig, 15, "Så langt vår historie går tilbake var Orknøyene og Shetland å regne for helt norsk land som det bevidnes til denne dag ved samtlige stedsnavn på øene."

²³ Shetelig, 114.

²⁴ Shetelig, 233.

| | |
|--|---|
| <p>koma fyrir í Noregi en er þá mjög sjaldgæft. Í Færejum, Hjaltlandi og Orkneyjum eru hrútar hyrndir ogær kollóttar. Það er þekkt í útigöngufé á eyjunni Soay (Sauðey) við Skotland og í langrófukynjum á Bretlandi og enn fremur í fjárvynjum sunnar í álfu svo sem merinófá á Spáni.</p> | <p>rare. In the Faroe Islands, Hjaltland and Orkney, rams are usually horned and females hornless. It occurs in free range sheep on the island of Soay (Sauðey) in Scotland and in the UK's long tailed breed, and more in sheep breeds in southern part of the continent, such as merino in Spain.</p> |
| <p>Í íslensku fé eru ýmist bæði kynin hyrnd eða þá aðær eru kollóttar eða hnýflóttar og hrútar kollóttir, örðóttir, hnýflóttir eða sívalhyrndir.</p> | <p>In Icelandic sheep, both sexes can be horned or the female can be hornless (kollóttar) or hnýflóttar (a horn that stands straight up like a finger and is usually short on females), and the males can be hornless (kollóttir), örðóttir (a horn that can be felt under the skin but has not broken through, or has broken through but is very short), hnýflóttir (a horn that stands straight up like a finger and is usually short) or sívalhyrndir (when the horns are round, like the typical ram pictures)</p> |
| <p>Hér kemur ekki fyrir það hornalag að hrútar séu hyrndir ogær kollóttar. Þetta eitt sér er í rauninni næg sönnun fyrir því að íslenska féð sé áettað frá Norðurlöndum. Þegar jafnframt er tekið tillit til lita er enn hægt að þrengja svæðið. Litirnir golsótt og botnótt koma fyrir í norska stuttrófufénu og á íslensku fé. Í báðum kynjum kemur fyrir íslenska gerðin af gráum lit og í báðum kynjum er til svartur og mórauður litur. Stuttrófuféð í Noregi á fleira sameiginlegt með íslensku fé í litum og hornalagi en nokkurt annað fjárvynjum á Norðurlöndum. Auk þess er góð samsvörun milli þessara fjárvynja í arfgengum hemóglóbíngerðum og kalígerðum í blóði. Samkvæmt þessu er íslenska féð ættað frá Noregi.</p> | <p>It is not common that the rams are horned and the ewes are hornless. This alone is in fact sufficient proof that Icelandic sheep come from the Nordic region. When color is taken into account, it is still possible to narrow the area. The colors of Golsótt and Botnótt are found in the Norwegian short tailed sheep and on Icelandic sheep. (Translator's note: Golsótt is when the underfleece is white and the longer hair is black/grey, but the stomach is usually white or black, and Botnótt is when the stomach to the butt is white and rest of the body is a darker colour, are the names for special fleece colours in Icelandic sheep). In both genders, the Icelandic model is of gray and in both genders there is a black and dark red color. Norway has more solidarity with Icelandic sheep in colours and types of horns than any other sheep breed in the Nordic region. In addition, there is a good match between these sheep breeds in hereditary hemoglobin and blood potassium. Accordingly, Icelandic sheep come from Norway.</p> |
| <p>Geitur, svín og hundar</p> | <p>Goats, pigs and dogs</p> |
| <p>Geitur hafa borist hingað með landnámi. Þeirra er getið í fornnum sögum og mörg örnefni eru kennd við geitur. Ekkert er hægt að fullyrða um uppruna íslenskra geita en að litum og hornalagi líkjast þær norskum geitum.</p> | <p>Goats came here during settlement. They are mentioned in ancient stories, and many place names are associated with goats. (örnefni can be nickname for places, and also nickname for people, but in this instance they are referring to place names). Nothing can be said concretely about the origin of Icelandic goats but going by the colors and horns they resemble Norwegian goats.</p> |
| <p>Svín bárust til landsins við landnám. Þeirra er getið í sögum og mörg örnefni eru kennd við þau. Svín voru enn til hér á landi á síðari hluta 16. Aldar en þau dóu út á 17. Öld.</p> | <p>Pigs were brought to Iceland during settlement. They are mentioned in stories and many place names are associated with them. Pigs still existed in Iceland in the latter part of the 16th century, but died out in the 17th century.</p> |
| <p>Tvær gerðir hunda virðast hafa borist til landsins við landnám. Önnur þeirra er af venjulegri stærð</p> | |

| | |
|--|--|
| <p>en hin gerðin til muna stærri. Bein úr stærri gerðinni hafa fundist við uppröft á Grænlandi og hefur þeirri gerð verið líkt við írska úlfhunda. Er freistandi að tengja þann fund við söguna af Sámi sem Ólafi pá var gefinn á Írlandi og hann átti síðan að hafa gefið Gunnari á Hlíðarenda.</p> <p>Veiðhundar eða dýrhundar, sem voru miklu stærri en aðrir hundar, voru til hér á landi á 16. Og 18. Öld en virðast hafa dáið út seint á 18. Öld þeim hefur ef til vill verið fargað í Móðuharðindunum.</p> <p>Blóðrannsóknir sem gerðar hafa verið á íslenska fjárhundinum sem hefur verið hreinræktaður hér síðustu áratugina benda til að hann sé ættaður frá Norðurlöndum.</p> <p>Kettir og mys</p> <p>Kettir hafa borist til landsins snemma á öldum, e.t.v. þegar um landnám. Kattbelgir voru verslunarvara til forna og var belgur af fressketti jafnvirði þriggja haustlambaskinna. Rannsóknir á tíðni litaerfðavísá í köttum á Íslandi og í nágrannalöndunum sýna að íslenski kötturinn er náskyldur köttum í Svíþjóð og á Hjaltlandi en fjarskyldur köttum á Írlandi og Suður-Englandi.</p> <p>Mys á Íslandi eru hagamys. Þær sækja inn í híbýli manna á vetrum en flytja sig út í haga á sumrum. Sérkenni á hauskúpum músa benda til að hagamys hafi borist til Íslands frá Noregi og þaðan hefðu mys jafnframt borist til Hjaltlands og Suðureyja. Rannsóknir á blóðgerðum músa gáfu ekki einhlít svör við því hvaðan íslenskar mys hefðu borist til landsins.</p> <p>Rannsóknir á sníkjudýrum á íslensku mísinni hafa leitt í ljós að flóin á henni er af deilitegund sem aðeins finnst á meginlandi Evrópu. Mys á Bretlandseyjum eru með aðra deilitegund af þessari fló. Flóin sker úr um það að íslenska hagamúsín kemur ekki frá Bretlandseyjum og hauskúpugerðin endir sterkelega til að hún komi frá Noregi.</p> <p>Nánari grein hefur verið gerð fyrir uppruna íslenskra húsdýra á öðrum vettvangi og vísast til þess.²⁵</p> | <p>Two types of dogs seem to have been brought to the country during settlement. One of them is of an average size, but the other is much larger. Bones of the larger species have been discovered in Greenland, and have been similar to Irish Wolfhounds. It is tempting to associate that finding with the story of Sámi that Olaf was given in Ireland, and later he should have given Gunnari on Hlíðarenda.</p> <p>Hunting dogs that were much larger than other dogs were in Iceland in the 16th and 18th centuries but appear to have died out late in the 18th century. They may have all been put down in the Mist Hardship. (Translator's Note: a famine which occurred after the eruption of the volcano Laki in 1783/84 which lasted for 8 months and killed many people and animals)</p> <p>Blood tests that have been carried out on the Icelandic Sheepdog, which have been bred here in recent decades, indicate that they originate from the Nordic countries.</p> <p>Cats and mice</p> <p>Cats have been brought to Iceland in the early centuries, ie. during settlement. The cat belly was a commodity of ancient times, and the belly of a male cat was worth the equivalent of three autumn lambskins. Studies on the color genes in cats in Iceland and neighboring countries show that the Icelandic cat is closely related to cats in Sweden and in the Shetland Islands, but distant related to cats in Ireland and in South England.</p> <p>Mice in Iceland are field mice. They enter houses during the winter, but move into the pasture during the summer. Characteristics of mouse skulls indicate that field mice had been brought to Iceland from Norway, from which mice would also have been sent to Shetland and the South Tyrol. Blood type studies did not give a clear answer to where the Icelandic mice had come from.</p> <p>Studies on parasites on the Icelandic mouse have revealed that they are a species of flea that is found only in continental Europe. Mice in the British Isles have another type of this flea. The differences show that the Icelandic field mouse does not come from the British Isles, and the skull leads strongly to the mice coming from Norway.</p> <p>A further article has been drawn up for the origin of Icelandic domestic animals in other areas and is referred to.</p> |
|--|--|

²⁵ Stefán Aðalsteinsson, 1982 og 1987.

| Heimildir | Sources |
|--|---|
| <p>Brænd, M. Rendel, J., Gahne, B. og S. Adalsteinsson, 1962. Genetic studies on blood groups, transferrins and haemoglobins in Icelandic cattle. <i>Hereditas</i>, 48, 264-283</p> <p>Degerbøl, M., 1929-1943. Medd. Om Grønland, sjá Stefán Aðalsteinsson, 1982. <i>Eldur er í norðri</i>, 393-400.</p> <p>Guðjón Guðmundsson, 1908. Nautgripaækt vor og nautgripafélögin. <i>Búnaðarrit</i>, 22:1-45.</p> <p>Isenbügel, E., 1981. Uppruni íslenska hestsins, <i>Eiðfaxi</i>, 1. Tbl. 1981, 5-6</p> <p>Íslendinga sögur II, 1987. Brandkrossa þáttur, 2101-2105.</p> <p>Íslendinga sögur II, 1987. Gull-póris saga, 1120-1143</p> <p>Íslendinga sögur II, 1987. Hrafnkels saga, 1397-1416</p> <p>Íslenzk fornrit, I, 1986. Íslendingabók, Landnámabók.</p> <p>Kidd, K.K., 1974. Biochemical polymorphismus, breed relationships, and germ plasm resources in domestic cattle. <i>1st World Congress on Genetics Applied to Livestock Production: Madrid</i> 7.-11. Okt. I, 321-328</p> <p>Kristján Eldjárn, 1981. Orð í belg um íslenska hestinn og uppruna hans. <i>Eiðfaxi</i>, 1981 5 (4), 4-6.</p> <p>Lie, Halldis, 1973. Serum Tyles of the Nordland Horse and the Norwegian Trotter. <i>Nordisk Veterinærmedicin</i>, 25(2), 83-87.</p> <p>McGovern, Th. 1982. Preliminary report of animal bone collections from AÐALBÓL in HRAFNKELSDALUR Eastern Iceland, submitted to The National Museum of Iceland Sept 4, 1982, 7pp.</p> <p>Magnús Stephensen, 1808. Beretning om de vigtigste Huusdyr i Island. <i>Veterinair-Selskabets Skrifter</i>, Förste Deel. Köbenhavn, bls. 212</p> <p>Nobis, G., 1962. Zur Frügeschichte der Pferdezucht. Zeitschr. F. Tierz. M. Zücht. Biol. 76, 125-185.</p> <p>Oddur Einarsson, 1971. Íslandslysing. Menningarsjóður.</p> <p>Páll Zóphoníasson, 1914. Nautgripaæktin. <i>Búnaðarrit</i>, 28, 46-90.</p> <p>Shetelig, H. 1933. <i>Vikingeminner i Vest-Europa</i>. Aschehoug, Oslo.</p> | <p>See Icelandic version for actual published name, translations provided simply for easy reference</p> <p>Brænd, M. Rendel, J., Gahne, B. and S. Adalsteinsson, 1962. Genetic studies on blood groups, transferrins and haemoglobins in Icelandic cattle. <i>Hereditas</i>, 48, 264-283</p> <p>Degerbøl, M., 1929-1943. Medd. Om Grønland, sjá Stefán Aðalsteinsson, 1982. <i>Fire is in the North</i>, 393-400.</p> <p>Guðjón Guðmundsson, 1908. Cattle Breeders and Cattle Companies. <i>Búnaðarrit</i>, 22:1-45.</p> <p>Isenbügel, E., 1981. Origin of the Icelandic Horse, <i>Eiðfaxi</i>, 1. Tbl. 1981, 5-6</p> <p><i>Icelandic stories II</i>, 1987. Firebreaking Factor, 2101-2105.</p> <p><i>Icelandic stories II</i>, 1987. Gull-póris saga, 1120-1143</p> <p><i>Icelandic stories II</i>, 1987. Hrafnkels saga, 1397-1416</p> <p><i>Icelandic Culture I</i>, 1986. Íslendingabók, Landnámabók.</p> <p>Kidd, K.K., 1974. Biochemical polymorphismus, breed relationships, and germ plasm resources in domestic cattle. <i>1st World Congress on Genetics Applied to Livestock Production: Madrid</i> 7.-11. Okt. I, 321-328</p> <p>Kristján Eldjárn, 1981. A word in the book about the Icelandic horse and his origins. <i>Eiðfaxi</i>, 1981 5 (4), 4-6.</p> <p>Lie, Halldis, 1973. Serum Tyles of the Nordland Horse and the Norwegian Trotter. <i>Nordic veterinary medicine</i>, 25(2), 83-87.</p> <p>McGovern, Th. 1982. Preliminary report of animal bone collections from BUSINESS IN HRAFNKELSDALUR Eastern Iceland, submitted to The National Museum of Iceland Sept 4, 1982, 7pp.</p> <p>Magnús Stephensen, 1808. Report on the main domestic animals in Iceland. Veterinary-Society Writings, Förste Deel. Köbenhavn, bls. 212</p> <p>Nobis, G., 1962. To the early history of horse breeding. <i>Zeitschrift. F. Tierz. M. Breeding. Biol.</i> 76, 125-185.</p> <p>Oddur Einarsson, 1971. Iceland Description. Cultural Fund.</p> <p>Páll Zóphoníasson, 1914. Cattle Breeding. <i>Búnaðarrit</i>, 28, 46-90.</p> <p>Shetelig, H. 1933. <i>Viking memories in Western Europe</i>. Aschehoug, Oslo.</p> <p>Stefán Aðalsteinsson. 1982. Origin of Icelandic domestic animals. <i>Fire is in the north</i>, 393-400. Sögufélagið, Reykjavík.</p> <p>Stefán Aðalsteinsson, 1987. The origin of Icelandic animals. <i>Icelandic folklore</i>, I, 31-46. Þjóðsaga, Reykjavík.</p> <p>Þorvaldur Thoroddsen, 1919. <i>Lýsing Íslands</i>, III (3), 242-243.</p> <p>Witt, T. 1978. The Lost Times. <i>Skalk</i>, nr. 1, 18-27</p> |

Stefán Aðalsteinsson. 1982. Uppruni íslenskra
húsdýra. *Eldur er í Norðri*, 393-400.
Sögufélagið, Reykjavík.

Stefán Aðalsteinsson, 1987. Uppruni íslenskra
húsdýra. Íslensk þjóðmenning, I, 31-46.
Þjóðsaga, Reykjavík.

Þorvaldur Thoroddsen, 1919. *Lýsing Íslands*, III
(3), 242-243.

Witt, T. 1978. De forsvundne gangere. *Skalk*, nr.
1, 18-27